








Hella í Vatnsfirði.









Sigridur Vidis.









NYJA DAGBLAÐIÐ

4. ár.

Reykjavík, þriðjudaginn 7. júlí 1936.

152. blað.

Takmarkalaus skemmdafýsni Sildveiðarnar

Margir mjólkurframleiðendur neyddir til að hella niður mjólk sinni

Mjólkinn, sem flutt er á markaðinn, er skemmd fyrir neytendum af trassaskap eða öðru verra

Mörgum mun hafa fundizt, sem nóg hafi verið aðgert af Eyj. Jóhannssyni og nótum hans til að spilla góðum árangri, fyrir bændum, af mjólkurlögunum.

Allir muna verkföllin, vörusvikin, róginn og lygina, sem allt var notað jöfnum höndum lívað ofan í annað til að koma mjólkurskipulaginu á kné.

Og allir vita nú til hvers þetta var gert. Mjólkurfélag Reykjavíkur þóttist ekki hafa eins góða aðstöðu og áður til að hafa fé af bændum til að halda braski sínu fljótandi og Korpúlssstaðabóndinn kunni því illa að vera settur á skör með óbreyttum bændum.

Síðastliðið ár reyndi Mjólkurfélagið þó að hafa sem hægt var upp úr krafsinu og tók 5

aura í stöðvar- og flöskugjald af hverjum lítra, sem fór í gegnum stöð félagsins. Mun það þar hafa haft allgóðan hagnað á kostnað hlutaðeigandi bændna.

Þessu var kippt í lag með því að landbúnaðarráðherra ákvað hámark stöðvargjaldsins samkvæmt mati sérfróðra manna, sem þó var talið mjög ríflega áætlað.

Pegar þessi leið til fjárdráttar af bændum var lokuð ærðist Eyjólfrur.

Hann reynir þá að komast fram hjá þessu ákvæði með því að fá alla framleiðendur til að ganga inn í félag sitt.

En þar sem félagið var svo illa þokkað meðal bændanna, var því fengið nýtt nafn, að góðum íhaldsskið. Breitt yfir

nafn og númer til þess að hægt væri að stunda veiðina óhultari.

Nokkrar grunnfærar sálir létu blekkjast af hinu nýja nafni, — en þó langt frá því allir. Olli þar nokkru um, að Eyjólfi er braskið orðið svo í blóð borið, að hann gat ekki á sér setið um að reyna ekki að svíkja sjálfan sig, eða félag sitt með hinu nýja nafni, — og selja því stöðina á annað hundrað þúsund króna fram yfir sannvirði hennar.

Pegar ekki tókst að blekkja alla þannig, fékk Eyjólfrur félaga sína með hótunum og öðrum álíka meðulum til að samþykkja að brjóta mjólkurlögin, til að koma þessu fram. Var utanfélagsmönnum tilkynnt fyrirvaralaust, að mjólk þeirra yrði ekki tekin í stöðina nema þeir gerðust félagar. Nokkrir beygðu sig þá nauðugir undir okið. En hinum, sem óhlýðnuðust, var vísað frá með mjólk sína, til að hella

Framh. á 2. síðu.

Kaupverð sildarinnar sem veiðiskipunum er greitt er meira en þrefalt miðað við síðastliðið ár og meira en tífalt miðað við árið 1934 á sama tíma.

Samkvæmt heimild Fiskifélags Íslands var sildveiðin, sem bræðsluverksmiðjurnar höfðu

tekið á móti á laugardagskvöld, sem hér segir:

	Bræðslusíld	
	hektol.	mál
Vestfirðir og Strandir	51.592	34.395
Síglufjörður	166.375	110.917
Eyjafjörður og Raufarhöfn	102.575	68.383
Austfirðir	6.300	4.200
Samtals 4. júlí 1936	326.842	217.895
Samtals 6. júlí 1935	187.841	
Samtals 7. júlí 1934	48.512	

Veiðin skiptist þannig á verksmiðjurnar:

Hesteyrarverksmiðjan	16.700	11.134
Djúpavíkurverksmiðjan	34.892	23.261
Ríkisverksmiðjurnar, Síglufirði	129.450	86.300
Verksm. St. Hjaltalín, s. st.	19.035	12.690
Verksm. Sig. Kristjánssonar, s. st.	17.890	11.927
Krossanesverksmiðjan	57.000	38.000
Dagverðareyrarverksmiðjan	29.225	19.450
Ríkisverksmiðjan, Raufarhöfn	16.350	10.900
Verksm. í Neskaupstað	6.300	4.200

Sildarverðið sem veiðiskipunum er borgað fyrir sildarmál, er nú kr. 5.30. Í fyrra var það kr. 4.00 og kr. 3.00 í hitteðfyr.

Samkvæmt framangreindri veiðiskýrslu Fiskifélagsins hefir sildar andvirði sem gengið hefir til veiðiskipanna numið því sem hér segir:

7. júlí 1934, 32 þús. mál á 3/00	kr. 96.000,00
6. júlí 1935, 92 þús. mál á 4/00	— 368.000,00
4. júlí 1936, 218 þús. mál á 5/30	— 1.155.400,00

Sildarandvirðið er meir en þrefalt, miðað við fyrra ár, og meir en tífalt, miðað við árið 1934.

Og fullvíst er að ekki hafa á undanförunum árum jafnmörg

fullfermd veiðiskip biðið af-fermingar eins og á laugardagskvöld, en þá voru talin 56 skip fullhlaðin, sem biðu af-fermingar á Síglufirði!

Frh. á 4. síðu.

Sýslumannshúsið á Patreksfirði

brann til kaldra kola í fyrrakvöld
Fólkinu bjargað með naumindum úr brennandi húsinu

Eldur kom upp í sýslumannshúsinu á Patreksfirði í fyrrakvöld. Urðu vegfarendur eldsins fyrst varir og tókst að bjarga íbúnum með naumindum, en tjón þeirra var mikið.

Fólk, sem átti leið fram hjá húsinu laust eftir kl. 10 í fyrrakvöld, sá að eldur gaus upp úr því. Varð því fyrst fyrir að gera sofandi íbúum hússins aðvart. Tókst að bjarga þeim og hlutu engir meiðsl nema sýslumannsfrúin, Sigríður Jónsdóttir, er henni var bjargað út um glugga á loftinu. Meiðsl hennar eru þó ekki talin alvarleg.

Slökkviliðið kom á vettvang, en fékk ekki við neitt ráðið, því að eldurinn var mjög magnaður. Brann húsið til ösku á skammri stund.

Húsið var byggt fyrir 36 árum, úr timbri, ein hæð með risi. Það var eign Bergs Jónssonar bæjarfógeta í Hafnar-

firði og mun hafa verið vátryggt.

Pegar séð var, að húsinu varð eigi bjargað, hvarf slökkviliðið að því að koma í veg fyrir að eldurinn læsti sig í fjós og heyllöðu, sem er í grend við húsið, og tókst það.

Núverandi sýslumaður á Patreksfirði, Jóhann Skaftason, leigði í húsinu. Varð mikið tjón á fatnaði, munum, er ekki tókst að bjarga neinu úr herbergjum á lofti. Glötuðust þar m. a. gömul skjöl sýslunnar. Mestu tókst að bjarga úr aðal-hæð hússins og m. a. nýrri skjölum sýslunnar og peningaskáp.

Munirnir voru eitthvað vátryggðir, en tjón mun þó hafa orðið mikið.

Ókunnugt er um upptök eldsins, en búist er við að kviknað hafi út frá raflögn.

4 ný Íslandsmet í sundi



Imma Rist.

Á sundmeistaramótinu s. l. laugardag setti Imma Rist met í 50 m. frjálstri aðferð og Jónas Halldórsson í 400 m. frjálstri aðferð.

Sundmeistaramóti Í. S. Í. sem hófst fyrra sunnudag, var haldið áfram í útilauginni Frh. á 4. síðu.

Sænska vikan Þingvallaförin á sunnudaginn

Á sunnudaginn var bauð móttökunefnd sænsku vikunnar hinum sænsku gestum til Þingvalla og slógust í förina Karlakór Reykjavíkur og Karlakór K. F. U. M. Var fyrst ekið til Valhallar, en þaðan gengið á hraunrimann milli Flosa- og Nikulásargjár. Að ósk nefndarinnar kvaddi Pálmi rektor Hannesson sér þar hljóðs og sagði hinum sænsku frændum vorum í aðaldráttum sögu Þingvalla undanfarið, þ. e. a. s. síðustu 70.000 árin, bæði frá jarðfræði- og stjórnmálalegu sjónarmiði. Erindið var stutt en glögg og þótti gestunum — og reyndar mörgum Íslending-

um — mjög vænt um þessa fræðslu. Síðan var gengið upp í Almannagjá. Þar sungu kórarnir hver sín 3 lögin, fyrst Svíarnir, þá „K. R.“ og síðast „K. F. U. M.“; þá sungu allir kórarnir saman 3 lög og stjórnaði hver söngstjórnin sínu, en að síðustu þjóðsöngvana: „Du gamla du fria“ og „Ó, guð vors lands“. Feikna mannfjöldi var saman kominn í gjánni til að hlusta, og segja kunnugir, að síðan 1930 hafi aldrei verið svo margir bílar staddir á Þingvöllum sem á sunnudaginn. — Að loknum söngnum drukku söngmennirnir kaffi í Frh. á 4. síðu.

GAMLA BÍO

Siðferðislaus.

Óvenjuleg og frumleg amerísk talmynd. Aðalhlutverkið leikur hinn heimsfrægi rithöfundur og leikari

Noel Coward.

og ber öllum erlendum blóðum saman um að leikur hans í mynd þessari sé sá áhrifamesti erlengihefirsést.

Börn fá ekki aðgang.

DARDANELLASUNDIÐ.

Frh. af 1. síðu.

Þær eru í höfuðatriðum þessar:

1. Tynkjum verði leyft að koma sér upp viggirðingum við sundið.
2. Alþjóðanefndin, sem sett var til þess að hafa eftirlit með því, að samkomulagið um sundið væri haldið, starfi áfram, til þess að hafa eftirlit með að umferð um það brjóti ekki í bága við hina nýju tillögur, ef þær ná fram að ganga.
3. Herskipum verði leyft frjáls umferð um sundið á friðartímum. Sérstök ákvæði gilda um þau ríki, sem eiga lönd að Svartahafi.
4. Tyrkir mega loka sundinu, þegar þeir álíta sér hættu búna vegna ófriðar, en þó því aðeins, að ráð Þjóðabandalagsins fallist á það.

Ítalir óánægðir.

Deir óttast samvinna Eng-
lendinga, Frakka og Rússa
í Miðjarðarhafinu.

LRP. 8/7. (FÚ.)

Það er opinberlega tilkynnt í Róm, að Ítalía muni ekki taka þátt í Montreux-ráðstefnunni, meðan samningur Brets og Frakka um gagnkvæma aðstoð í Miðjarðarhafinu sé í gildi.

Þá eru stórveldin vörð við því, að halda að Ítalía muni ganga að þeim samningum, sem kanna að vera gerðir í Montreux, og loks er bent á það, að ef Svartahaf verði gert að rússneskri flöðastöð, muni Ítalía telja jafnvægi í flöðamálum raskað, og muni hún þá neyðast til þess að auka flöta sinn.

NAZISMINN OG HIN NOR-
RÆNA MENNING

Frh. af 3. síðu.

urlandabúar þó alveg eins illa við þetta „norrena“ delirium Nazistanna, eins og við hina ofstækisfullu víðleitni þeirra til þess að trana sinni þjóð fram við hin ótrúlegustu og smásmugulegustu tækifæri. Það er skiljanlegt, að Þjóðverjar fyndu hvöt hjá sér, eftir ósigurinn í heimsstyrjöldinni árið 1918 og þá auðmýkingu, sem þeir urðu fyrir að henni lokinni, til þess að gera þjóð sína gildandi á ný. En eins og allt annað er þessi víðleitni orðin að fánalegum skrípaleik hjá Nazistunum. Hér er eitt dæmi þess:

Forstjóri býflugnaræktarstöðv-
arinnar í Erlangen, prófessor Enoch Zander, skrifaði nýlega í „Leipziger Blätterzeitung“: „Bý-
flugnaræktarar! Verið þýzkir! Að-
eins á þýzkum grundvelli getur
býflugnaræktin þrífist!“

Frh.

**Sýslumannshúsið á
Patreksfirði braun
til grunna í fyrra-
kvöld.**

**Pólk komst með
naumindum út.**

**Skjöl sýslunnar, þar á
meðal skattaframtal
brunnu inni.**

Í FYRRAKVÖLD kl. 22,10 kom
upp eldur í sýslumannshúsi-
nu á Patreksfirði. Brann húsið
til kaldra kola á rúmri klukk-
stund, og brunnu þar inni ýms
skjöl sýslunnar, svo sem skatta-
framtöl sýslunnar, sem yfirsatta-
nefnd hafði nýlega gengið frá.

Alþýðublaðið náði í morgun
tali af sýslumanninum á Pat-
reksfirði, Jóhanni Skaptasyni, og
er það, sem á eftir fer, sam-
kvæmt viðtali við hann.

Menn, sem voru á gangi um
götuna fyrir framan húsið, urðu
þess varir, að kviknað var í húsi-
nu uppi á lofti í norðurenda.
Var íbúum hússins þegar gert
aðvart.

Sýslumannsfrúin, Sigríður Jóns-
dóttir, sem stóð var uppi á lofti,
varð að kasta sér út um glugga
og hlaut dálítil meiddi. Engir
aðrir meiddust af íbúum húss-
ins.

Húsið var einlyft með portísi.
Uppi voru geymd ýms skjöl emb-
ættisins, og brunnu þau til kaldra
kola. Auk þess brann á loftinu
fatnaður sýslumannshjónanna, og
mistu þau allt sitt.

Innanstokksmunum, sem voru í
kjallara hússins, var bjargað út.
Slökkviliðið var kvatt á vett-
vang, en fékk við ekkert ráðið.
Tókst því þó að varna því, að
kviknaði í fjósi og heyllöðu, sem
er nálægt húsinu.

Eigandi hússins var Bergur
Jónsson, bæjarfógeti í Hafnar-
firði. Var húsið vátrygt hjá
Brunabótafélagi Íslands.

Innanstokksmunir sýslumanns-
ins, Jóhanns Skaptasonar, voru
vátrygðir hjá Sjóvátryggingarfé-
laginu, en þeir voru lágt vátrygð-
ir, og biður sýslumaðurinn því
tilfinnanlegt tjón.

Ymsum nýrri skjölum sýslunn-
ar og peningaskáp tókst að
bjarga af aðalhöð hússins.

Ekkir er enn þá vitað um elds-
upptökin.

SILDVEIÐIN.

Frh. af 1. síðu.

Kveður hann sildina hafa undan-
farin ár farið stækandi, en nú
alt í einu minki meðalstærðin
en mengðin aukist. Þetta sama
fyrirbrigið segir hann einnig hafa
átt sér stað um þorsk undanfar-
in ár. Merkilægt telur hann að
sams konar fyrirbrigið um mink-
andi sildarstærð hafi gerst í Nor-
ðgi í vetur, en þar var þá geysi-
afli. Ber niðurstöðum Árna sam-
an við norska fiskifræðinga um
að á báðum stöðum hafi verið
nýr árgangur — sennilega sama
árs.

Prófessor Hentschel hafiræðing-
ur við Hamborgarháskóla er
væntanlegur til Siglufjarðar um
næstu helgi, og dvelur hann
nokkrar vikur til rannsókna á
fæðu sildartegunda. Er það að-
ur óramsakað. Mun hann vinna
í samvinnu við Árna Friðriks-
son.

10 hvalir

hafa nýlega veidd út af Vest-
fjörðum. Mikill hvalur er sagður
úti fyrir, en lítt að veiða sakir
þoku.

ALÞÝÐUBLAÐIÐ

**Sænsku vikunni
lýkur í dag.**

**Þátttaka almenning-
s í henni hefir verið
geysimikil.**

**Stúdentakórinn syngur
í kvöld fyrir framan
Mentaskólann.**

SÆNSKU VIKUNNI lýkur í
dag, og kl. 10 í kvöld leggja
sænsku gestirnir af stað heim-
leiðis með Brúarfossi.

Mun fjöldi manna koma niður
á hafnarbakka í kvöld, er gest-
irnir fara. Karlakór K. F. U. M.
mun kveða þá með söng.

Í kvöld kl. um 9,15 syngja
sænsku stúdentarnir fyrir framan
Mentaskólann, en ganga að því
loknu til skips.

Í gær flutti prófessor Hans W-
son Ahlmann fyrirlestur um
Vatnajökulsleiðangurinn og A.
Gabrielsson um „Sveriges ekono-
miska expansion“.

Í gærkvöldi fór veizla mót-
tökunefndarinnar fram að Hótel
Borg. Fór hún vel fram og voru
margar ræður fluttar.

Í dag kl. 6 flytur Torsten Odhe
ritstjóri fyrirlestur í Kaupþings-
salnum.

Kl. 8,40 verður konsert í út-
varpið.

Aðsóknin að sænsku listasýn-
ingunni í Austurbæjarbarnaskól-
anum hefir verið geysimikil.

Á sunnudaginn var söttu sýn-
inguna um 500 manns. Hún ver-
ur opin enn í viku.

**Bifreiðarslys á
Hafnarfjarðar-
veginum í gær-
kveldi.**

**12 ára gamall dreng-
ur verður fyrir bíl og
lærbrotnar og við-
belasbrotnar.**

12 ára gamall drenginnokki
varð fyrir bíl á Hafnarfjarðarveg-
inum í gærkvöldi og slasaðist.
Var hann fluttur á Landspítal-
ann og kom í ljós við lækni-
skoðun, að hann var lærbrottinn
og viðbeinsbrottinn.

Um kl. 6,45 var 24 farþega á-
ætlanarbill frá Hafnarfirði á leið
til Reykjavíkur. Rétt sunnan við
Þóðoddsstaði mætti hann öðrum
bíl frá Hafnarfirði á leið suður.

Rétt eftir að þeir höfðu mæzt,
tekur bílstjóri áætlanarbilsins eftir
því, að drenginnokki er á mið-
jum veginum rétt framan við bíl-
inn.

Skiftir það engum togum, að
hægna framhorn bílsins rekst á
dreginn og fleygir honum flöt-
um.

Var drengurinn fluttur á Lands-
spítalann og kom í ljós við lækni-
sskoðun, að hann var lærbrottinn
og viðbeinsbrottinn.

Pilturinn heitir Margeir Jóns-
son og á heima á Laugavegi 27.
Málið er enn ekki fullrannsakað,
og er þetta samkvæmt skýrslu
bílstjóra og áætlunarbilnum.

Í DAG.

Næturleknir er í nótt Halldór
Stefánsson, Skólavörðustíg 12,
sími 2234.

Næturvörður er í þótt í Lauga-
vegs- og Ingólfs-apóteki.

Veðrið: Hiti í dag í Reykjavík
13 stig. Yfirlit: Lægd suðvestur
af Reykjanesi, hreyfist hægt
norður eftir og fer minkandi. Út-
lit: Stínningskaldi á suðaustan.
Skúrir.

ÚTVARPIÐ:

- 19,20 Hljómplötur: Létt lög.
- 19,45 Fréttir.
- 20,15 Erindi (Hjalmar Lindroth
prófessor í Gautaborg).
- 20,35 Óakveðið.
- 21,00 Symfóníu-tónleikar: Tón-
verk eftir Mendelssohn og
Brahms.
- 21,45 Útvarp frá hafnarbakkan-
um.

STÖÐVUN BYGGINGAVINNU.

Frh. af 1. síðu.

Lönsbandsins að boða til auka-
þings í kvöld til að ræða þessi
vandamál.

Á þessu þingi munu mæta 60
—70 fulltrúar frá 10 bygginga-
verkamannafélögum hér í bæn-
um.

Þannig skýrði Jón Sveinsson
frá.

Er vonandi, að þinginu takist
að leysa þetta mál svo að þau
hundruð manna, sem nú eru at-
vinnulausir vegna stöðvunarinnar,
geti aftur hafið vinnu.

Stífni rafvirkjameistara í mál-
inu er vægast sagt vitaverð.

**Góður afli
við Grænland.**

Fréttir bárust hingað á sunnu-
daginn frá vélbátinum „Snorra
göða“, er fór á veiðar til Græn-
lands í fyrri mánuði. Var hann
kominn vestur í miðjum júní, en
aflaði ekkert fyrstu vikuna sök-
um óttíðar. En frá 20. júní þar
til síðast liðinn sunnudag (5. júlí)
hefir hann fengið 100 skpd. í salt
af þorski og 3000 kg. af lúðu.
Er lúðaafllinn víðlíka og vonast
hafið verið ertri, en þorskaflinn
töluvert meiri.

„Snorri göði“ er eign Gunnars
Olafssonar & Co. í Vestmanna-
eyjum, en Óskar Halldórsson
gerir hann út.

Höfnin.

Hafnarsóknaskipið George
Bligh kom í gærkveldi.

Skemtiflerðaskipin.

Rotterdam fór héðan kl. 6 í
gærkveldi áleiðis til Spitzbergen.
Í gærkveldi kl. 10½ kom skemti-
ferðaskipið Kungsholm. Í kvöld
er búist við enska skemtiflerða-
skipinu Carinthia.

Lokaæfing

fyrir kappreiðarnar á laugar-
daginn kemur verður annað kvöld
og verða hestarnir þá skráðir.
Gísli Halldórsson

framkvæmdarstjóri Sildarverk-
smíðja ríkisins bauð til sín starfs-
fólki verksmiðjanna á Siglufirði
um síðustu helgi og veitti því.
Þakkaði hann starfsfólkinu fyrir
mikið og gott starf í hinum miklu
önnum undanfarinna daga, en það
ánaði honum heilla í starfi hans.

Marino Hafstein

fyrirum sýslumaður andaðist í
gærmorgun að Svarfhóli í Borg-
arfirði.

Ráðleggingastöð Líknar

fyrir barnshafandi konur er op-
in n. k. miðvikudag kl. 3—4.

Ípróttapresturinn sænski, Samuel
Norrby,

sem hér er staddur og ætlar að
flytja erindi um sænskar íprótt-
ir á þriðjudagskvöldið kemur,
kastar kúlu rúmur tveimur stök-
um lengra en ísl. metið í kúlu-
varpi er. Norrby kastar 15,30 st.,
en ísl. metið er 13,12 st. Norrby
er mjög fjölhæfur ípróttagarpur
og auk þess snjall ræðumaður.
Hann er prestur að æfistarfi og
kennari, og „predikar oft íprótt-
ir af stólnum“. Hann hefir víða
farið í fyrirlestraferðir fyrir
sænska ípróttasambandið. Á
þriðjudagskvöldið kl. 7½ stund-
vislega ætlar hann að flytja í-
próttarindi, að tilhlutun stjórna-
r: S. I., og auk þess verða sýndar
kvikmyndir af sænska meistara-
mótinu 1935. Fyrirlesturinn verður
í Ípróttahúsi K. R. og byrjar
stundvislega vegna þess, að Norr-
by stigur á skipsfjöl að fyrir-
lesturinum loknum; hann fer ut-
an með sænska söngflokknum. Er
því aðeins um þetta eina tækifæri
að ræða til að sjá og hlusta á
ípróttaprestinn sænska, Sam.
Norrby. Aðgöngumiðar kosta að-
eins 50 aura og fást hjá for-
seta I. S. I., Laugaveg 18, og við
innganginn, ef eitthvað verður
eftir. Allir verða að hlusta á í-
próttaprestinn sænska. Þess er
vænst að allir ípróttamenn, kenn-
arar og prestar, sem hér eru
staddir, komi á fyrirlesturinn.

Hjálpastöð Líknar

fyrir berklaveika, Templara-
sundi 3, er opin mánudaga og
miðvikudaga kl. 3—4 og föstu-
daga kl. 5—6.

Mæðrastyrsnefndin
hefir upplýsingaskrifstofu opna
á mánudögum og fimtúdögum kl.
8—10 e. h. í Þinghólsstræti 18
niðri.

Ípróttamót Borgfirðinga

verður haldið á ípróttamótssæð-
um við Ferjukot n. k. sunnu-
dag og hefst kl. 12 á hádegis-
Ragnar E. Kvaran flytur ræðu,
nokkrir félagar úr Karlakór
Reykjavíkur syngja. Hæpt verður
í sundi, glímu, reiptogi, hlaupum,
stökki og köstum. Að lokum verður
danzað.

Tannlækningastofa

Jóns Benediktssonar verður
lokuð dagana 8.—11. þ. m. vegna
umbóta á húskynnum.

50 ára afmæli

4. dag Jón Jónsson innheimtu-
maður, Óðinsgötu 4.

Munið

Kappreiðarnarálaug-
ardagskvöldið kemur
Lokaæfing verður
annað kvöld (mið-
vikudag) kl. 8, og
verða þá hestarnir
skráðir.

Hestamannafél. Fákur.

Innilega þökkum við öllum þeim er sýndu samúð
og hluttekningu við andlát og útför
Guðbrandar Guðbrandssonar
Ránargötu 7.

Munið

Kappreiðarnarálaug-
ardagskvöldið kemur
Lokaæfing verður
annað kvöld (mið-
vikudag) kl. 8, og
verða þá hestarnir
skráðir.

Hestamannafél. Fákur.

Innilega þökkum við öllum þeim er sýndu samúð
og hluttekningu við andlát og útför
Guðbrandar Guðbrandssonar
Ránargötu 7.

Aðstandendur,

Fulltrúaráðsfundur

verður í Iðná uppi í kvöld 7. júlí
kl. 8½.

FUNDAREFNI:

Reglugerð sjúkratrygginganna.

Stjórnin.

NÝJA BÍO

**Valborgar-
messukvöld**
(Valborgsmässoafton)

Unaðsleg sænsk talmynd,
sem er löfsöngur um lífið,
vorið og ástina. — Aðalhlut-
verkin leika þrír frægustu
leikarar Svía:

**Victor Sjöström,
Ingrid Bergmann og
Lars Hanson.**

Sjaldan hefir Svium tekist
betur en hér með sinni al-
kunnu tækni og frumleik að
skapa sérstætt kvikmynda-
listaverk.

Börn fá ekki aðgang.

**Sænska
vikan**

í dag.

- Kl. 6,15 Fyrirlestur í Kaupþings-
salnum, Torsten Odhe,
ritstjóri: Den svenska
varudistributionen.
- Kl. 8,40 Konsert í útvarpið.
Stúdentakórinn.

**Páll Sigurðsson
læknir**

gegnir almennum lækni-
störfum fyrir mig, í fjar-
veru minni.

**Karl Jónsson
læknir.**



„Brúarfoss“

fer í kvöld kl. 10 um Vest-
mannaeyjar til Leith og
Kaupmannahafnar.

Farseðlar óskast sóttir
tyrir kl. 2 í dag.

„Dettifoss“

fer annað kvöld vestur og
norður.

Aukahafnir: Ingólfsfjörð-
ur, Reykjarfjörður, Hólma-
vik, Blönduós og Hvamms-
tangi.

Farseðlar óskast sóttir
fyrir hádegis á morgun.

Svik ríkisstjórnarinnar í sjálfsstæðismálunum.

Verður næsta skrefið að afhenda Dönum æðsta dómsvaldið í íslenskum málum?

Sambandslögin gengu nákvæmlega eins frá landhelginni og dómsvaldinu.

Svik ríkisstjórnarinnar í sjálfsstæðismálum þjóðarinnar hafa aldrei komið eins berlega í ljós og nú, eftir að stjórnin var þínd til sagna í landhelgishneykslinu síðasta.

Svo forhert er ríkisstjórnin, að hún ekki aðeins neitar að hafa gert rangt, er hún fór krjúpani til Dana og það þá að vernda nú okkar landhelgi.

— heldur segir hún blátt áfram, að „engin skynsamleg ástæða“ sje til þess af hálfu Íslendinga, að amast við aukinni landhelgisgæslu Dana.

Rökin, sem ríkisstjórnin færir fram þessari staðhæfingu til stuðnings eru, að Sambandslögin geri ráð fyrir landhelgisgæslu Dana hjer við land og sje því sjálfsagt, að nota hana út í æsar.

Það er rjett, að Sambandslögin gera ráð fyrir, að Danir annist hjer landhelgisgæslu, undir dönskum fána, „þar til Ísland kynni að ákveða, að taka hana í sínar hendur, að öllu eða nokkru leyti“, eins og segir í 8. gr. Sambandslaganna.

En nú hafa Íslendingar einmitt verið að vinna að því, undanfarin ár, að taka landhelgisgæsluna í sínar hendur.

Þessa baráttu hófu Íslendingar með tvent fyrir augum.

1. Landhelgisgæsla með íslenskum skipum, undir íslenskum fána, er eitt af ytri táknum okkar sjálfsstæðis.

2. Landhelgisgæslan verður aldrei fullkomin, fyr en Íslendingar annast hana sjálfir að öllu leyti.

Þetta vakti fyrir Íslendingum, er þeir hófu baráttuna fyrir innlendri landhelgisgæslu og árangurinn er öllum kunnur.

En nú kemur ríkisstjórnin fram á sjónarsviðið og segir, að „engin skynsamleg ástæða“ hafi verið fyrir þessari baráttu Íslendinga! Sambandslögin geri ráð fyrir, að Danir annist þetta starf og því sje sjálfsagt að nota sjer af því.

Þessi hugsunarháttur sýnir það regindjúp, sem er á milli núverandi valdhafa og þeirra manna, sem á undanförunum árum hafa vakað yfir sjálfsstæði þjóðarinnar.

Í Sambandslögunum er einnig ákvæði um æðsta dómsvaldið og er það nákvæmlega hliðstætt

ákvæðinu um landhelgisgæsluna.

Í 10. gr. Sambandslaganna segir:

„Hæstirjettur Danmerkur hefir á hendi dómsvald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómsvald í landinu sjálfu.“

En Íslendingar fóru hjer að nákvæmlega eins og í landhelgismálunum. Þeir hófu strax baráttu fyrir því, að fá æðsta dómsstól í landinu sjálfu. Sú baráttu lyktaði með því, að Hæstirjettur var stofnaður í landinu og hann varð æðsta dómsvaldið í íslenskum málum.

Núverandi ríkisstjórn heldur því eflaust fram, að „engin skynsamleg ástæða“ hafi verið fyrir Íslendinga, að hefja baráttuna um flutning dómsvaldsins inn í landið. En þetta gerðu samt Íslendingar, vegna þess, að þetta var tákni sjálfsstæðisins og þeir treystu betur innlendum mönnum en erlendum, að fara með dómsvaldið.

En ríkisstjórnin getur vitanlega nú, alveg eins og hún vill afhenda Dönum aftur landhelgisgæsluna, fundið upp á því að afhenda Dönum einnig æðsta dómsvaldið í íslenskum málum. Það mundi spara ríkissjóði um 50 þús. kr. á ári.

Er nokkur „skynsamleg ástæða“ fyrir Íslendinga, að hafa á móti því, að Danir fari með æðsta dómsvaldið, eins og þeir gerðu áður? — Þannig getur ríkisstjórnin spurt næst og væri það í fullu samræmi við framkomu hennar í landhelgismálunum.

En íslenska þjóðin hugsar ekki þannig. Hún hefir alla tíð barist fyrir frelsi sínu og sjálfsstæði og aldrei hogað frá settu marki.

Þessvegna mótmælir hún einróma ráðabruggi svikaranna í landhelgismálunum.



Prófessor Ahlmann.

Öll byggingavinna í bænum stöðvast í dag!

SEINT í gærkvöldi frjetti Morgunblaðið, að öll byggingavinna í bænum muni stöðvast frá og með hádegi í dag.

Menn voru að vænta, að deila rafvirkjanna myndi leysast á friðsamlegan hátt. Var jafnvel búist við, að deilan myndi leysast í gær.

En svo varð ekki.

Í þess stað harðnar nú deilan, því að stjórn lönsambands byggingamanna hafði, að því er bláðið frjetti seint í gærkvöldi, ákveðið, að allir meðlimir sambandsins legðu niður vinnu frá og með hádegi í dag.

Afleiðing þessa verður sú, að allar byggingar í bænum stöðvast.

Síld veiðist inni í Skagafirði.

Síldin sem veiðist er nýr árgangur, segir Árni Friðriksson mag.

OTÍÐ og stormar hafa hamlað síldveiðum síðan fyrir helgi, en nú er veðurútlit gott og talsvert farið að lygna.

Þrjú skip komu til Siglufjarðar í gær, Grótta, Sæfari og Hvítungur, með 4—500 tonn af síld, sem veiddist á Skagafirði.

Er það í fyrsta skifti á þessu sumri, sem síld veiðist inni á Skagafirði. Er það talið bera vott um, að síldin sje að verða stöðugri við landið.

FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

„Vatna“-jökull er meira rjettnefni en menn grunaði.

Úrfelli og leysingar tífalda á við annara jökla.

Prófessor Ahlmann segir frá hinum merkilega leiðangri.

PRÓFESSOR Ahlmann hjelt í gærkvöldi í Nýja Bíó mjög skemtilegan og fróðlegan fyrirlestur um Vatnajökulsleiðangur þeirra Jóns Eyþórssonar og hans. Rakti hann ferðalagið, lýsti „daglegu lífi“ þeirra fjelaga á jöklinum og skýrði aðalniðurstöður rannsóknanna. En hinn vísindalegi árangur ferðarinnar var að hans dómi meiri og merkilegri, en hann gat að öreyndu búist við.

Áður en prófessor Ahlmann hóf mál sitt, talaði Pálmi Hannesson nokkur orð, þar sem hann skýrði áheyrendum frá rannsóknum og starfi þessa viðfræga og athafnamikla vísindamanns, en hann er í fremstu röð landfræðinga, sem nú eru uppi.

Í upphafi lýsti prófessorinn undirbúningi leiðangursins og síðan hinum miklu mannaunum, er þeir fjelagar lentu í fyrstu vikurnar á jöklinum, er þeir sólarhring eftir sólarhring urðu að hafast við í hinum lágreistu tjöldum og voru bókstaflega í yfirvofandi hættu, þar að litlu munaði að að þeir gætu hamlað því, að fannfergin kæfði þá.

En eftir langa mæðu birti upp, og þeir gátu byrjað rannsóknir sínar um jökulinn.

Mjög ljetti það undir ferð þeirra, að þeir höfðu, sem kunnugt er, 4 sleðahunda með sjer. Lýsti prófessorinn þessum „ferðafjelögum“ mjög skemtilega, hvernig þeir yfirleitt tóku starfi sínu og undu hag sínum á jöklinum.

Þá skýrði prófessorinn og frá hinu undraverða nesti, sem þeir fjelagar höfðu, sem var allskonar matvörur þurkaðar, svo þær voru ljettar í vöfum, geymdust vel og hjeldu öllu sínu, sem nýjar væru, þegar matreitt var í bræddum jökulsjó.

En þegar fyrirlesari slepti öllu gamni, komst hann að orði á þá leið, að menn kynnu að spyrja, hversvegna þeir fjelagar hefðu lagt á sig allt þetta erfiði og lagt líf sitt í hættu, í stað þess að sitja heima og hafa náðuga daga.

Þá kom hann að aðalatriði málsins, mælingunum, og athugunum á „búskap“ jökulsins, eða „lífi“ hans, sem hann nefndi svo, þ. e. a. s. athugunum á því, hve mikið úrfelli er þarna, hve mikið fannfergi bætist ofan á jökulinn á ári, og hve mikil er leysingin.

En til þess að fá um þetta nákvæma vitneskju var það tilvalið að gera athuganir þessar í ár, því vorið 1934, er gos var við Grímsvötn, kom öskulag á jökulinn. Fönnin ofan á þessu öskulagi er því komin síðan.

Til þess að mæla þykt þessara fanna voru gryfjur grafnar. Og þá kom upp úr kafinu, að tveggja

ára fönnin er 8–9 metrar á dýpt. Fönnina frá sl. vetri gátu þeir greint frá, á ryklági, sem fallið hefir á jökulinn í fyrirasumar.

Í vetur hefir bæst á jökulinn austanverðan um 5½ metrar, en við Grímsvötn ca. 3½ metrar, en það sem eftir er af snjónum næsta ár á undan, eftir leysingarnar í fyrrasumar, er 3–4 metrar. Tilsvareandi tölur frá Svalbarða eru 70 sm. og á Grænlandsjökli minna. Sjást best á þessu hinu geysilegi munur. Enda álitur próf. Ahlmann að ann að eins úrfelli á jökulum eigi sjer óviða stað í heiminum og hvergi hefir slíkt verið mælt.

En leysingin er líka gífurleg. Í Hoffellsjökli mældist hún 10–12 metrar á tímabilinu 27. mars til 20. júní.

Að endingu mintist prófessorinn á það, hvaða praktiska þýðingu rannsóknir þessar hefðu. Benti hann m. a. á, að mælingar þessar gæfu gleggri vitneskju en áður var til um úrfelli á jökulum hjer og tilsvareandi vatnsmagn ísl. vatnsfalla.

Prófessor Ahlmann er frábærlega skemtilegur fyrirlesari.

Sýsluskjöl brenna.

Sýslumannshúsið í Patreksfirði brunnið til kaldra kola.

Í BÚÐARHÚS sýslumannsins í Patreksfirði brann til kaldra kola í fyrrakvöld og brann þar inni mikið af skjölum og bókum sýslunnar.

Eldsins varð vart kl. um tíu leytið. Hafði kviknað í uppi á lofti, og halda menn að kviknað hafi út frá rafmagni, því að enginn eldur var í neinum eldfærum og hvergi farið með eld. Þó höfðu rafljósinn verið slökt um kl. 9.

Húsið var gamalt timburhús, FRAMH. Á SJÖTTU SÍÐU.

FRAMHALD AF FIMTU SÍÐU:

Árás landbúnaðarráðherra á samvinnufjelögin.

andi tillaga frá fulltrúa Mjólkursamlags Kjalarnessþings í Mjólkursölunefndinni.

„Mjólkursölunefndin tilskilur við Mjólkursamlag Kjalarnessþings, að það láti þá menn, er standa utan við Mjólkursamlagið, sitja við sömu útborgunarkjör og fjelagsmenn og njóta rekstrarhagnaðar eins og þá, ef nokkur verður við rekstrarappgjör.“

Aftur á móti samþykki Mjólkursölunefndin á sama fundi, að gengið yrði eftir, að hámarks-gjaldi samkvæmt tilskipun landbúnaðarráðherra yrði framfylgt, því er áður um getur.

Það hafa þó nokkrir af utanfjlagsmönnum lýst því yfir, að þeir óski ekki eftir að fá mjólk sína gerilsneydda undir kostnaðarverði, heldur væru þeir reiðubúnir að greiða sama gjald og fjelagsmenn Mjólkursamlagsins, en þar sem Mjólkursölunefnd hafði tekið ákvörðun sína, var sá möguleiki burtu fallinn.

Ákvarðanir Mjólkursamlagsins.

Út af þessum ráðstöfunum Mjólkursölunefndar og landbúnaðarráðherra kallaði stjórn Mjólkursamlags Kjalarnessþings saman fund í fulltrúaráði samlagsins 30. f. m. Á þeim fundi var eftirfarandi tillaga samþykkt með 30 atkvæðum gegn 1:

„Með því að í Mjólkursölunefnd hefir verið feld tillaga þess efnis, að Mjólkursamlag Kjalarnessþings gerilsneyði og vinni mjólk utanfjlagsmanna fyrir kostnaðarverð og veiti þeim hlutdeild í reksturságóða, samþykkir fundurinn, að frá og með 4. júlí næstkomandi verði ekki tekið á móti annari mjólk í stöð fjelagsins en frá fjelagsmönnum samlagsins.“

Tilkynning þessi var send öllum þeim framleiðendum, er mjólk hafa sent til samlagsins en ekki voru fjelagsbundnir, ásamt nauðsynlegum skýringum, samdægurs. Allflestir af þeim, sem ekki höfðu áður gengið í fjelagið, komu strax og þeir fengu þessa tilkynningu, svo að heita má, að úti um sveitirar sje hver mjólkurframleiðandi meðlimur í Mjólkursamlagi Kjalarnessþings. Hefir það því sýnt sig, þótt það ef til vill hafi orðið vonbrigði fyrir suma, að bændur þessir óska alment ekki eftir að gerast þurfaingar á kostnað nágranna sinna, undir verndarvæng Mjólkursölunefndar og landbúnaðarráðherra. Í Reykjavík er þó eitthvað milli 10 og 20, flest mjög smáir framleiðendur, sem ekki hafa enn þá tekið þá ákvörðun að ganga í samlagið, enda hafa þeir, ásamt nokkrum öðrum, fengið mjólk sína endursenda þessa síðustu daga.

Sigurður frá Flóagafli.

Maður nokkur, er Sigurður er nefndur, og kændur er við Flóagafli, en nú er ráðsmaður á Rauðará, hefir gengið á milli Reykvik-

inga og hvatt þá til að standa sem fastast gegn Mjólkursamlaginu, og hefir lofað þeim gulli og græn-um skógum, ef þeir vildu svo gera, og kveðst hafa á bak við sig Mjólkursölunefnd og landbúnaðarráðherra, enda munu bændur, sem til landbúnaðarráðherra og Mjólkursölunefndar hafa snúið sjer, fengið staðfestingu á því, að þeir þurfi engu að kvíða, því þó þeir helli niður mjólkinni eða nótí hana sjálfir, þá muni þeir fá hana greidda í fullu verði á sínum tíma. Jeg vil nú ekki leggja trúnað á þessar fregnir, en reynslan mun á sínum tíma segja til um, hvaða verðlaun landbúnaðarráðherra ætlar að veita þeim, er lið sitt ljá til sundrunar þessum samvinnufjelagsskap sunnlenskra bændu.

Þá hafa verið skýrðar ástæður þær, er liggja til grundvallar fyrir því, að mjólk utanfjlagsmanna hefir ekki verið tekin til gerilsneyðingar í mjólkurstöð Mjólkursamlags Kjalarnessþings, sem aftur gaf Nýja dagblaðinu tilefni til áður áminstrar vandlætningar.

Jeg skal ekki eyða mörgum orðum til að svara skætingi blaðsneppilsins. Þar segir á einum stað: „Ljet Eyjólfur þarna all-dólgilega og varpaði að mönnum köpuryrðum“. Vitanlega fer blaðið hjer með ósannindi, sem engan undrar, en ein mun þó ástæðan og er rjett að hún komi fram í dagsljósið. Um leið og jeg gekk fram hjá áður nefndum Sigurði frá Flóagafli, sem nú er ráðsmaður hjá dóttur sinni, ekkju Þorláks heitins á Rauðará, sagði jeg eftirfarandi setningu án þess að biða eftir svari: „Það verða tvennir í tímarnir hjá Rauðarárbúinu, þegar saga sunnlenskra samvinnufjelaga verður skráð. Við Mjólkursölunefnd munum þá tíð, þegar Þorlákur bóndi á Rauðará stóð með fremstu mönnum í flokki við að stofna og starfækja Mjólkursölunefnd Reykjavíkur, en þú, Sigurður ráðsmaður, vinnur að eyðileggingu samvinnufjelags sunnlenskra mjólkurframleiðenda.“

Átti M. R. að gefa mjólkurstöðina?

Nýja dagblaðið segir, að aðalástæðan fyrir því, að framleiðendur vilji ekki ganga í hið nýstofnaða Mjólkursamlag Kjalarnessþings sje sú, að Mjólkursamlagið hafi keypt mjólkurstöð Mjólkursölunefndar og landbúnaðarráðherra. Í Reykjavík er þó eitthvað milli 10 og 20, flest mjög smáir framleiðendur, sem ekki hafa enn þá tekið þá ákvörðun að ganga í samlagið, enda hafa þeir, ásamt nokkrum öðrum, fengið mjólk sína endursenda þessa síðustu daga.

bygðist á því, að nokkur mjólkurbússtyrkur hefir fengist, en auk þess hefir Mjólkursölunefnd skjálft afskrifað stöðina mjög mikið á hverju ári, og svarar söluverð stöðvarinnar til hins bókfærða verðs, sem öllum vitanlega var langt fyrir neðan hið raunverulega verðmæti. M. R. á samkvæmt fyrirmælum frá Alþingi ófengnar ca. 65 þúsundir króna upp í mjólkurbússtyrk, svo að það nái þeim hlutföllum, er önnur mjólkurbú hafa fengið. Þessi upphæð kemur að sjálfsögðu Mjólkursamlagi Kjalarnessþings til góða þegar hún á sínum tíma verður greidd út.

Það er óþarfa heiður, sem Nýja Dagblaðið sýnir mjer með því að hnýta í mig einan fyrir að hafa tekið að mjer málsvörn samvinnumannna í Reykjavík og nærsveitum; þar hafa fleiri góðir menn verið að verki.

Fyrirspurnir til landbúnaðarráðherra.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að leggja þessar spurningar fyrir læstvirtan landbúnaðarráðherra: Hvaða afstöðu mun landbúnaðarráðherra taka til þess, ef hópur ófjlagsbundinna bændu kemur í sláturhús Sláturfjelags Suðurlands eða sláturhús einhvers annars samvinnufjelags hjer á landi, og heimtar að fá fje sínu slátrað og að fá greitt fyrir kjötið 4/15 meira heldur en Sláturfjelagið treystir sjer að greiða meðlimum sínum?

Og hvaða afstöðu ætlar landbúnaðarráðherra að taka til þess, ef hópur ófjlagsbundinna bændu í Eyjafirði kemur inn í verslunarhús Kaupfjelags Eyfirðinga og vill kaupa hjá því vörur, en heimtar að fá mjólvöru fyrir 11 krónur, sem kaupfjelagið selur fjelagsmönnum sínum á 15 krónur? Hlutföllin eru í báðum tilfellum þau sömu og á gerilsneyðingar-gjaldinu hjá Mjólkursamlagi Kjalarnessþings, sem landbúnaðarráðherra hefir ákveðið 2,2 auru, þegar samlagið reiknar og þarf að reikna fjelagsmönnum 3 auru. Meðal annars vegna sjálftöku Mjólkursölunefndar á flöskugjaldinu.

Ef landbúnaðarráðherra ætlar að vera samkvæmur sjálfum sjer, verður hann að sjálfsögðu að segja við þessa ófjlagsbundnu einstaklinga: Já, sjálfsagt, þiltar mínir, þið skuluð fá allar ykkar kröfur uppfyltar, og síðan verður hann að gefa út fyrirskipun til hinna umræddu samvinnufjelaga, þar sem Sláturfjelagi Suðurlands er gert að skyldu að greiða utanfjlagsmönnum 4/15 meira heldur en það hefir ákveðið að greiða fjelagsmönnum sínum fyrir kjötið, og Kaupfjelagi Eyfirðinga, að það skuli selja utanfjlagsmönnum mjólpokann á 11 krónur, sem það hefir ákveðið að selja fjelagsmönnum á 15, en jafnframt skuli Sláturfjelaginu skylt að slátra fje utanfjlagsmannanna, sem og

Kaupfjelagi Eyfirðinga að selja utanfjlagsmönnum vöruna, í báðum tilfellum án tillits til þess, hvort hægt sje að gera það, án þess að viðkomandi samvinnufjelag biði við það fjárhagslegt tjón.

Er þetta nú ekki nægjanleg sönnun fyrir því, að þessar pólitísku gorkúlur, sem telja sig málsvara samvinnufjelaganna á Íslandi, eru það aðeins í orði, til þess að geta sögið sjóði samvinnumannna klíkuskap sínum til framdráttar.

Í þetta skifti sjást úlfshár in of greinilega undan sauðargærinni til þess að samvinnumenn láti lengur blekkjast.

Reykjavík 6. júlí 1936.

Eyjólfur Jóhannsson.

N. B. Alþýðublaðið þaplar í dag á sömu tuggunni; er henni hjer með svarað, nema ef jeg heilsaði upp á ritstjórnann og þá ef til vill ritstjóra Nýja dagbl. líka á öðrum vettvangi, þegar rjettarfrín eru hjá liðin.

E. J.

Bruninn á Patreksfirði.

FRAMHALD AF 3. SÍÐU.

ein hæð og portbyggt. Í því var miðstöð og viðurnin í því skraufur, og fuðraði hann því upp á svipstundu. Uppi á loftinu var m. a. skjalageymsla og svefnherbergi hjónanna. Var frúin stödd í svefnherberginu þegar hún varð vör við eldinn, og var hann þá svo magnadur, að hún komst ekki út með öðru móti en fleygja sjer út um glugga.

Húsið var gjörfallið eftir klukkutíma.

Tókst að bjarga öllu af neðri hæðinni, en af efri hæðinni bjargaðist ekki. Brann þar mikið af sýsluskjölum og bókum og þar á meðal öll skattaframtöl sýslunnar, sem yfirskattaneftnd hafði nýlega gengið frá.

Hlöðu og fjósi, sem er rjett við húsið, svo að ekki er nema mjótt sund á milli, tókst að bjarga.

Sýslumaður var í gær að koma skrifstofu sinni fyrir í skólahúsinu, en þau hjónin búa fyrst um sinn hjá læknum.

Húsið var vátrygt hjá Brunabótafjelagi íslands og innanstokksmunir hjá Sjóvátryggingarfjelaginu.



E.S. Súðin

austur um fimtudag 9. þ. m. kl. 9 e. h.

Flutningi óskast skilað fyrir hluta dagsins á morgun.

Farseðlar óskast sóttir á sama tíma.

Síldin.

FRAMHALD AF 3. SÍÐU.

Síldarverksmiðjurnar ganga bæði dag og nótt og er ekkert lát á. Aðeins var síldarvinsla stöðvuð í verksmiðjunum frá kl. 6 á sunnudagsmorgun til kl. 6 e. h. Var sá tími notaður til að hreinsa vjalar og undirbúa undir vinslu næstu viku.

46 skip biða enn afgreiðslu.

46 skip biðu eftir afgreiðslu í gærmorgun. Vörn losað í gær 6 þúsund mál og búist við öðru eins í dag.

Veður var með afbrigðum heitt á Siglufirði í gær og útlit fyrir ágætis síldarveður, enda fór fjöldi skipa, sem legið höfðu inni vegna veðurs, á veiðar í gær.

Frjettaritari Mbl. á Siglufirði segir, að láðst hafi að geta þess, að verksmiðjan S. R. P. setti nýtt met í vinslu þ. 3. þ. m., eins og hinar verksmiðjurnar, sem allar settu vinslmet þann dag. S. R. P. fekk 97 sekki á 6 tíma „vakt“, móti 95 mest áður.

Nýr síldarargangur.

Siglufirði í gær.

Árni Friðriksson er nú staddur á Siglufirði á leið til Austurlands til hafrannsóknna. Telur hann síldina nýjan árgang, sem ekki hafi verið hjer áður, enda um 3—4 cm. minni að meðalstærð en í fyrra — þá 35 cm. Kveður hann síldina hafa undanfarin ár farið stækkandi, en nú alt í einu minki meðalstærðin, en mergðin aukist. Þetta sama fyrirbrigði segir hann einnig hafa átt sjer stað um þorsk undanfarin ár. Merkilegast telur hann, að samskonar fyrirbrigði um minskandi síldarstærð hafi gerst í Noregi í vetur, en þar var þá geysi afli. Ber niðurstöðum Árna saman við norska fiskifræðingna um að á báðum stöðum hafi verið nýr árgangur — sennilega sama árs.

Rannsókn á fæðu síldartegunda.

Prófessor Hentschal hafræðingur við Hamborgarháskóla er væntanlegur til Siglufjarðar um næstu helgi, og dvelur hann nokkrar vikur til rannsókna á fæðu síldartegunda. Er það áður órannsakað. Mun hann vinna í samvinnu við Árna Friðriksson. (FÚ)

KVELDÚLFSSKIPIN.

Kveldúlfstogararnir símuðu á sunnudag, að þeir sæju hvergi síld, enda slæmt veiðiveður. Í gærmorgun barst skeyti frá togurunum, og sögðust þeir enn ekki hafa orðið varir við síld, þrátt fyrir betra veður.

Kjarnahveiti

Gull-Ax haframjöl,
Grün kernmjöl,
Cerena Bygggrjón,
fæst í

Liverpool